

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	4.10.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Ásgerður Þráinsdóttir	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna eftirlit ársins hjá Al Álvinnslu (áður Kratus). Engin frávik komu fram við eftirlitið en komið er einni ábendingu til rekstraraðila er varðar uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna útstandandi fráviks.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitsferðina á fundi þar sem farið var yfir stöðu fráviks og valin ákvæði í starfsleyfi.

Staða fráviks:

Frávik frá grein 2.15 - Síuryk. Frestur var til 1. október til að finna móttökuaðila til að flytja út uppsafnaðar birgðir af síuryki. Rekstraraðili hefur verið að leita leiða til að koma uppsöfnuðum birgðum af síuryki til viðurkennds móttökuaðila. Rætt hefur verið við þrjá móttökuaðila erlendis sem ýmist urða efnin eða setja í flæðigryfjur. Vegna þess hve kostnaðarsamt það er að flytja efnið hefur ekki tekist að semja við móttökuaðila og það rekstraraðili um fund með Umhverfisstofnun áður en frestur rann út til að finna málinu réttan farveg. Ljóst er að einungis er verið að ræða um áður uppsafnaðar birgðir sem nema um 700-800 tonn og eru geymdar eru í stórsekkjum innandyra. Núverandi ferli miðast við að setja allt síuryk sem myndast aftur inn á ofn og vinna úr því. Ekki er unnt að setja eldri birgðirnar inn á ofninn þar sem það er í of miklu magni auk sprengihættu vegna raka í efninu. Frávikið er opið en rekstraraðili hefur beðið um fund með stofnuninni til að ræða ráðstafanir á síurykinu.

Frávik frá grein 1.1. Rekstraraðili hefur hafið vinnslu með saltlausum feril í verksmiðjunni. Slíkur ferill er ekki skilgreindur í núgildlandi starfsleyfi. Vegna rykmyndundar við mölun gjallsands og rykmyndandi vinnslu í verksmiðjunni. Veklagi hefur verið breytt til að minnka rykmyndun, mölun hefur verið hætt og er nú notast við hörpu til að vinna efnið. Rekstraraðili mun setja upp hreinsibúnað fyrir mölun þegar búið er að flytja síuryk úr landi og pláss hefur skapast í verksmiðjunni fyrir mölunarbúnað og hreinsibúnað. Frávikið er opið.

Frávik frá grein 1.1 í starfsleyfi. Starfsleyfið er gefið út á lóðina Klafastaðaveg 4. Hráefni og úrgangur rúmast ekki innan þeirra lóðar og er því geymdur að hluta til á nærliggjandi lóðum. Mikið hefur verið tekið til á lóðinni og nærliggjandi lóðum auk þess sem samið hefur verið við Faxaflóahafnir um afnot á lóð.

Frávik frá grein 2.3 og 2.10. Frávikið varðaði óafgirta lóð og óbundið slitlag en skv. starfsleyfi skal tryggd að enginn efnaleki verði í jarðveg ásamt því að ekki voru olíuskiljur á þeim stöðum þar sem það á við. Búið er að girða af hluta af lóð ásamt því að setja niður olíuskiljur. Lokað verður frávikin þegar búið er að að girða alla lóðina og aðir staðir umhverfis verksmiðjunar hreinsaðir og tæmdir skv. úrbótaáætlun.

Frávik frá grein 2.5 í starfsleyfi um hámarkslosun í útblæstri. Búið er að framkvæma aðrar mælingar og beðið er eftir niðurstöðum. Frávikin verður lokað ef viðunandi niðurstöður fást úr mælingunum.

Frávik frá grein 2.14. Útflutningsáætlun fyrir saltköku hefur ekki gengið eftir og er birgðastaða rekstraraðila nú tæplega 8000 tonn. Gámar sem hlaðnir voru í febrúar fóru ekki erlendis fyrr en í maí og mikil gasmyndun varð af saltkökunni sem tafði ferlið. Einnig þurfti að laga merkingar á gámum sem tafði ferlið enn frekar. Frávikið er því enn opið og var rekstraraðili minntur á áfangaskýrslur um útflutning

skv. ákvörðun stofnunarinnar.

Rætt var um umfang starfseminnar á þessu ári og hversu mikið af efni er ráðgert að taka á móti en það er um 6-7 þús. tonn. Farið var yfir greinar 2.1 og 2.2 er varðar móttöku hráefna og birgðastaða skoðuð með rekstraraðila.

Farið var yfir mæliáætlun og grein 3.1 í starfsleyfi og rekstraraðili minntur á næstu mælingar. Skv. mæliáætlun á að fara fram þrýsiprófanir lagna á þessu ári og hávaðamælingar á næsti ári. Beðið er eftir niðurstöðum úr síðustu útblásturmælingu og lögð hefur verið inn pöntun á tveimur útblástursmælingum á næsta ári.

Að lokum voru skráningar skv. grein 3.2 voru skoðaðar og farið í vettvangsferð um svæðið. Farið var yfir nokkra vinnuferla í verksmiðjunni og geymsla síuryks skoðuð. Gengið var því umhverfis verksmiðjuna.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er krafinn um uppfærslu á tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.11.2018


Einar Halldórsson